

377. fundur Skólanefndar FS

27. maí 2026



Mættir: Ásrún Helga Kristinsdóttir formaður, Anna Lilja Jóhannsdóttir, Guðjón Árni Antoníusson, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Ragnheiður Möller, Gunnar Valdimarsson áheyrnarfulltrúi kennara, Danijela Zivojinovic áheyrnarfulltrúi foreldra og Kristján Ásmundsson skólameistari. Guðmann Kristþórsson ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Staðan.
 2. Erindi frá menntamálaráðuneyti varðandi ráðningu skólameistara.
 3. Stjórn skólasjóðs FS.
 4. Önnur mál.

1. Staðan.

Skólameistari sagði frá stöðu mála í skólastarfinu. Útskrift verður föstudaginn 29. maí kl. 14:00 og þar munu 166 nemendur útskrifast. Bragi Einarsson, John Richard Middleton, Jón Gunnar Schram og Ólöf Hildur Egilsdóttir hætta í vor en þau eru öll að fara á eftirlaun. Ingibjörg Böðvarsdóttir verður í námsleyfi næsta skólaár en Guðmundur Grétar Karlsson snýr aftur eftir leyfi. Búið er að ráða kennara til að kenna upplýsingatækni og tvo enskukennara. Verið er að ganga frá ráðningu sérkennara og búið er að auglýsa eftir stuðningsfulltrúum á starfsbraut. Einnig er búið að auglýsa eftir kennara í fóttaaðgerðafræði sem myndi einnig halda utan um starf brautarinnar.

Um 800 nemendur halda áfram námi næsta vetur og 170 aðrir hafa sótt um, þar af hópar í fóttaaðgerðafræði og einka- og styrktarþjálfun. Umsóknir nýnema bætast síðan við og má reikna með að heildarfjöldi nemenda verði um 1300.

Áfram verður notast við gáma sem kennsluhúsnæði og húsnæði leigt í íþróttahúsi. Óljóst er hvort kennsluástaða fyrir fóttaaðgerðafræði á Ásbrú verður áfram í boði og því gæti þurft að útvega nýtt húsnæði fyrir hana.

Fjárhagsstaðan er í jafnvægi. Samkvæmt áætlunum er gert ráð fyrir niðurskurði í framhaldsskólum næstu ár og því er óljóst með framhaldið. Undanfarið hefur nokkuð af búnaði verið endurnýjaður og í sumar verður unnið við viðgerðir á húsnæði.

Undirbúningur fyrir 50 ára afmæli skólans í haust er í fullum gangi. Vinnsla við afmælisrit er á lokastigi.

2. Erindi frá menntamálaráðuneyti varðandi ráðningu skólameistara.

Farið yfir erindi frá menntamálaráðuneyti varðandi ráðningu skólameistara. Umsækjendur eru tveir, Guðlaug Málfríður Pálsdóttir og Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, en einn dró umsókn sína til baka. Skólanefndarmenn ganga síðan frá álitum um báða umsækjendur og senda til ráðuneytis.

3. Stjórn skólasjóðs FS.

Vegna áreiðanleikakönnunnar Landsbankans hf. staðfestir skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja að eftirtaldir skipa stjórn Skólasjóðs FS: Ásrún Helga Kristinsdóttir formaður, Anna Lilja Jóhannsdóttir varaformaður, Kristján Pétur Ásmundsson meðstjórnandi og Sonja Sigurðardóttir meðstjórnandi. Sonja Sigurðardóttir er prókúruhafi sjóðsins.

4. Önnur mál.

a) Skólanefndarmenn þökkuðu Kristjáni Ásmundssyni skólameistara kærlega fyrir samstarfið og framlag hans til skólans. Kristján þakkaði skólanefnd að sama skapi fyrir samstarfið og óskaði henni góðs gengis í framtíðinni.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Ásrún H. Kristinsd.
Ásrún Helga Kristinsdóttir, formaður

Anna Lilja Jóhannsdóttir
Anna Lilja Jóhannsdóttir

Haldór Rosmundur Guðjónsson
Haldór Rosmundur Guðjónsson

Daniela Zivojinovic
Daniela Zivojinovic

Kristján Ásmundsson
Kristján Ásmundsson, skólameistari

Guðjón Árn.
Guðjón Ární Antoníusson

Ragnheiður Möller
Ragnheiður Möller

Gunnar Vald.
Gunnar Valdimarsson

Guðmann Kristþórsson
Guðmann Kristþórsson, fundarritari